



Reykjavík, 4. mars 2024

MSS23060218

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Mannauðs- og starfsumhverfissvið

### Umsögn mannauðs- og starfsumhverfissviðs um tillögu borgarráðsfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu smáforritsins Bara tala hjá Reykjavíkurborg.

Borgarráðsfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi tillögu um um innleiðingu smáforritsins Bara tala hjá Reykjavíkurborg á fundi borgarráðs 29. júní sl.:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að kaupa aðgang fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar að smáforritinu Bara tala sem er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni að fengnu kostnaðarmati fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Greinargerð:

Með smáforritinu Bara tala geta notendur spreytt sig á samtölum á íslensku en forritið hlustar á notendur tala, æfir þá í framburði og veitir endurgjöf í rauntíma. Boðið er upp á grunnnámskeið og vinnusértækt efni í forritinu þannig að námsefnið er miðað að þörfum starfsfólks. Það þýðir að starfsmaður á leikskóla fær ekki sama námskeið og starfsmaður í sundlaug. Íslenskukunnátta fólks af erlendum uppruna er lykillinn að farsæld, hamingju og framgangi þeirra í okkar þjóðfélagi. Í dag eru innflytjendur á Íslandi 22% af íslenskum vinnumarkaði og því bráðnauðsynlegt að efla íslenskukennslu og stórauka aðgengi fólks að henni Móttaka barna og fullorðinna af erlendum uppruna er eitt stærsta verkefnið sem blasir við íslensku samfélagi. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta athyglisvert forrit og telur að það geti án efa verið nýjum samborgurum hjálplegt og lykillinn að aukinni og innihaldsríkari þátttöku þeirra í samfélaginu.

Óskað var eftir umsögn mannauðs- og starfsumhverfissviðs 12. júlí sl.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið var byrjað að skoða smáforritið Bara tala sl. sumar og meta hvort prófa ætti að taka það til notkunar sem viðbót við þá íslenskukennslu sem Reykjavíkurborg býður starfsfólki af erlendum uppruna upp á. Þegar tillaga fulltrúa Flokks fólksins barst lá fyrir að fá kynningu á smáforritinu að afloknum sumarfríum. Fulltrúar mannauðs- og starfsumhverfissviðs fengu kynningu á smáforritinu í ágústbyrjun og í framhaldi var óskað eftir verðtilboði og kannað hvort fræðslusjóðir stéttarféлага myndu styrkja áskrift að forritinu. Þegar lá fyrir að fræðslusjóðir stéttarféлага myndu styrkja verkefnið var ákveðið að fara í tilraunaverkefni á notkun smáforritsins. Reykjavíkurborg er því í gangi með tilraunaverkefni með Bara tala sem viðbótarleið til að efla íslenskukunnáttu meðal starfsfólks af erlendum uppruna.



Reykjavík



Staða tilraunaverkefnisins 1.mars 2024 er sú að 165 starfsmenn af erlendum uppruna hafa fengið aðgang að kerfinu, en aðgangur er keyptur til 12 mánaða í senn. Verkefnið var kynnt gegnum stjórnendur, til að tryggja þeirra stuðning, og eru þessir 165 starfsmenn starfandi á 45 starfsstöðum.

Lögð var áhersla á það við kynninguna að notkun smáforritsins kemur ekki í staðinn fyrir staðnám í íslensku en getur verið mikilvæg viðbót. Í verkefninu er gert ráð fyrir að starfsfólk sem fær aðgang að Bara tala fái svigrúm og næði innan vinnutímans og á vinnustaðnum til að sinna fræðslunni.

Við mat á árangri verður haft samband við bæði stjórnendurnar og starfsfólkið og spurt nokkurra spurninga um ávinninginn. Gert er ráð fyrir að mat á árangri verði framkvæmt eftir u.þ.b. 9 mánaða reynslu.

Virðingarfyllst,  
Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri  
*Mannauðs- og starfsumhverfissvið*



**Reykjavík**